

## Ljóð sem voru á meðal þeirra bestu á yngsta stigi:

### Krakkar!

Krakkar geta verið  
háir og lágir,  
þeir geta verið  
margir og fáir,  
þeir geta verið  
breiðir og mjóir.

Krakkar eru allskonar!

*Birgit Elva Henriksdóttir, 3. bekk Hrafnagilsskóla Akureyri*

### Feministi

Ég vil að konur og karlar fái sama rétt  
En hjá sumum þá virðist sú breyting ekki vera létt  
Ég vil að konur og karlar fái sömu laun  
Ég vil ei að karlar fái heila nammiskál og konur bara eina baun  
En ef við hjálpumst að þá kæmist þetta af stað  
Og ef við vinnum saman og höfum gaman  
Já ég skal sýna þér ef þú fylgir mér  
Hversu mikil breyting gæti orðið hér  
Hjá stelpum og strákum  
og allar stelpurnar sem við rákum  
úr skólanum kæmu aftur  
því þetta er sannkallaður konukraftur

*Hera Fönn Lárusdóttir, 4. bekk Grunnskólans í Hveragerði*

## Músafjör

Hérna trítlar lítil mús.  
Finnur ekki sitt litla hús.  
Mætti stórum ketti þá  
músin æpir: far þú frá.  
Kötturinn varð afar sár,  
þó að hann væri stór og grár.  
Kisi fer því smá að skæla,  
músin segir hættu að væla.  
Komdu með að veiða fugla,  
nei nú hættir þú að rugla.  
Ætluðu að veiða eina lóu,  
en fundu bara gamla rófu.  
Nú sitja þau og borða saman,  
þetta var nú fokking gaman.

*Hallveig Salka Maríusdóttir, 3. bekk Grunnskólans á Þórshöfn*

## Rjúpan

Rjúpa allra klókust,  
líka allra best.  
Og þegar maðurinn skýtur hana niður  
þá þeytast upp fjaðrir.  
Ef hann hittir ekki,  
þá fljúga þær upp.

*Baldur Óli Þórðarson, 3. bekk Egilsstaðaskóla*

## **Eyrnalokkar?**

Eyrnalokka langar í.  
Hvað geri ég í því?  
Kannski fer að skæla.  
eða hætti að væla.  
Máské mamma geti,  
fundið á því fleti.  
Það veltur allt á pabba,  
eða þarf ég kannski að labba?  
Ætli það færi mér lukku,  
en ég kann ekki á klukku.  
Hvenær á ég að mæta?  
Ef til vill mun það kæta  
mömmu mig að sækja.

*Steindóra Salvör Maríusdóttir, 1. bekk Grunnskólans á Þórshöfn*

## **Hækur eftir nemendur í 4. bekk Grunnskóla Grundarfjarðar**

Niðri í fjöru  
finn flotta hörpudiska  
núna er vorið.

*Amanda Kolbrún Andradóttir*

Í stórum garði  
krakkar leika í snjónum  
það er komið kvöld.

*Diljá Guðmundsdóttir*

Uppi á hólnum  
fugl að borða nestið sitt  
um miðjan vetur.

*Kjartan Jósefsson*

Uppi á fjalli  
rjúpa á leið í hreiðrið  
nú er komin nótt.

*María Dís Eymarsdóttir*

### **Lóan mín**

Lóan mín fagra  
var úti að fljúga.  
Fann litla grein,  
hélt það væri bein  
og flaug svo heim.

*Arndís Þórleif Alfreðsdóttir, 3. Bekk og Sigurrós Tinna Bolladóttir, 4. bekk Kerhólsskóla*

### **Stærðfræði**

Í stærðfræði er skemmtilegt að læra.  
Þar læri ég mikið  
og rétti aldrei upp hönd.  
Í stærðfræði er skemmtilegt að læra.

Mér finnst skemmtilegt að læra plús og mínus.  
Ég rýk áfram eins og hestur.  
Hleyp áfram og hoppa yfir tölurnar.  
Mér finnst ekki leiðinlegt í stærðfræði.

*Andri Fannar Smáráson, 3. bekk Kerhólsskóla*

### **Ferskeytla**

Sveitin litla sæta mín,  
svín og hundur galar.  
Hænan mín hún var fín  
hestur og kisa malar.

*Björgvin Geir Sigurðarson, 4. bekk Grunnskólans á Hellu*